

	Kr. 2800 00		<b>35</b>
b. Innstæða í Landsbankanum . . . . .	— 170 48	Kr. 2970 48	
2. Vextir á árinu 1896:			
a. Af veðskuldabryfum . . . . .	— 112 00		
b. Af innstæðu í Söfnunarsjóðnum . . . . .	— 0 46		
c. Af innstæðu í Landsbankanum . . . . .	— 5 45	— 117 91	
		Kr. 3088 39	

## Gjöld:

1. Styrkur veittur stúdentum . . . . .	kr. 60 00		
2. Borgun fyrir viðskiptabók við Söfnunarsjóðinn . . . . .	-- 1 00		
3. Eptirstöðvar við árslok 1896:			
a. Veðskuldabryf . . . . .	kr. 2800 00		
b. Innstæða í Söfnunarsjóðnum . . . . .	— 200 46		
c. Innstæða í Landsbankanum . . . . .	— 26 93	— 3027 39	
		Kr. 3088 39	

III. *Minningarsjóður lektors Helga Hálfðánarsonar.*

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun 1896 . . . . .	kr. 400 00		
2. Gefið til sjóðsins árið 1896 . . . . .	— 140 00		
3. Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóðnum . . . . .	— 17 61		
		Kr. 557 61	

## Gjöld:

1. Verðlaunabækur gefnar stud. theol. Sigtryggi Guðlaugssyni fyrir . . . . .	kr. 13 00		
2. Eptirstöðvar við árslok 1896:			
Innstæða í Söfnunarsjóðnum . . . . .	— 544 61		
		Kr. 557 61	

Reykjavík 1. marz 1897.

*Þórhallur Bjarnarson.*

**Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Ísafirði um endurgreiðslu á tolli af 36**  
**tóbaksvindlum.** Þjer hafð, herra bæjarfógeti, með þóknanlegu brjefi, dagsettu 2. jan. 10. marz. þ.á., sent mjer beiðni Jóns Laxdals, verzlunarstjóra Leonh. Tangs verzlunar á Ísafirði, um að verzlun þessari verði endurgoldinn tollur af 25 hundruðum vindla, sem fluttust til Ísafjarðar með gufuskipinu »Vesta« 8. desbr. f. á., en höfðu ónýtt algjörlega á leiðinni, með því að steinolla hafði komizt í þá, og hafð þjer látið þess getið, að sanngirni virðist mæla með því að hin umrædda tollupphæð verði endurgreidd.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir Jóni verzlunarstjóra Laxdal, að, með því að lög nr.

9. dag aprilmán. 1897.

**36** 11. frá 11. febrúar 1876, um aðflutningsgjald af tóbaki, eigi veita heimild til að  
10. marz. endurgreiða toll af tóbaki, sem innheimtur hefnr verið á löglegan hátt, þá  
getur ofanefnd beiðni eigi orðið tekin til greina.

**37** **Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Suðuramtinu og Vesturamtinu um**  
17. marz. **endurveiting hlunninda fyrir sparisjóð.** — Út af beiðni sem hingað hefir borizt beina leið  
frá forstöðunefnd sparisjóðsins í Ólafsvík, vil jeg hjermeð veita nefndum sjóði  
um 5 ára tímabil frá 1. apríl þ. á. að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilsk.  
5. janúar 1874 með þeim skilyrðum, að trygging sú, sem sparisjóðurinn nú veit-  
ir, ekki rýrni, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæm-  
lega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af  
ársreikningum sjóðsins í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að  
senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, er verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra amtmaður, hjermeð þjónustusamlega til vitundar  
gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd tjeðs spari-  
sjóðs.

**38**

24. marz

## Samþykkt

um

### afnám fiskiveiðasamþykktar.

Sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu hefir samkvæmt lögum 14. des. 1877,  
um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, gjört eptirfylgjandi

Samþykkt

um

afnám á samþykkt, 20. maí 1893, um ýmisleg atriði er snerta fiskiveiðar á opn-  
um skipum í Vestmannaeyjasýslu, og á samþykkt 27. júní 1894, um breytingar  
á tjeðri samþykkt.

Samþykkt um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í  
Vestmannaeyjasýslu, dags. 20. maí 1893, og samþykkt um breyting á tjeðri sam-  
þykkt 27. júní 1894, eru hjermeð úr gildi felldar.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirskrifuðum amtmanni, og skal  
hún öðlast gildi 1. júní 1897.

Þetta er hjermeð kunngjört öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Suðuramtíð, Reykjavík 24. marz 1897.

*J. Havsteen.*